Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa skipulags- og byggingamála
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 16.nóvember 2026
HER-202611-11593

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 1288/2026 í skipulagsgátt, Miðstöð um öryggisráðstafanir á Hólmsheiði: Skilgreining samfélagsþjónustu (S63) - USK26100141. Skipulagslýsing.

Vísað er til máls nr. 1288/2026 í skipulagsgátt, Miðstöð um öryggisráðstafanir á Hólmsheiði: Skilgreining samfélagsþjónustu (S63) - USK26100141. Skipulagslýsing. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn

HER telur jákvætt að lóð fyrir miðstöð um öryggisráðstafanir sé staðsett utan fyrirhugaðs athafnasvæði á Hólmsheiði. Eins og komið er inn á í texta skipulagslýsingar er um viðkvæma starfsemi að ræða og mikilvægt að þeir sem þar dvelja verði ekki fyrir ónæði af völdum hávaða, loft- og lyktarmengunar. Hafa þarf í huga við úthlutun lóða á athafnasvæðinu að sú starfsemi sem næst liggur fangelsinu og miðstöðinni sé ekki ónæðisvaldandi.

Eins og fram kemur í skipulagslýsingu liggur fyrirhuguð lóð utan við vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins en engu að síður í nágrenni þess. HER telur í því samhengi nauðsynlegt að fram fari áhrifamat vatnshlota m.t.t. áhrifa á grunnvatn. HER bendir á að á svæðinu er ekki fráveitukerfi sem stendur og því nauðsynlegt að setja upp hreinsivirki fyrir skólp sé ekki unnt að koma upp tengingu við slíkt kerfi. Verði sett upp stór rotþró eða sambærilegt hreinsivirki þarf að vanda til uppsetningu og frágangs til að koma í veg fyrir grunnvatnsmengun. Hreinsivirki skal vera í samræmi við leiðbeiningar Umhverfis- og orkustofnunar fyrir minni fráveitur. HER mælir þó eindregið með því að miðstöðin verði tengd við hefðbundna fráveitu sé það unnt.

HER vill einnig árétta að sé fyrirhugað að koma fyrir blágrænum ofanvatnslausnum á skipulagssvæðinu er nauðsynlegt að skoða þær í samhengi við ofanvatnslausnir á nærliggjandi svæðum. Að öðrum kosti er ekki unnt að tryggja að flæði ofanvatns um og í gegnum skipulagssvæðið sé með fullnægjandi hætti. Horfa þarf heildstætt á ofanvatnskerfi fyrir athafnasvæði, fangelsi og miðstöðina.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF.
ÍST ISO 14001

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
heilbrigdiseftirlit@reykjavik.is
www.reykjavik.is/heilbrigdiseftirlit
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

VOTTUN HF.
ÍST ISO 14001